

267. fundur Skólanefndar FS

25. janúar 2005



Mættir: Ríkhartur Ibsen, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðjón Kristjánsson, Albert Albertsson, Páll Ingólfsson, áheyrnarfulltrúarnir Þorbjörg Garðarsdóttir og Gústav A.B. Sigurbjörnsson, Steinunn Tómasdóttir fjármálastjóri og Oddný Harðardóttir skólameistari.

Skólameistari setti fund í forföllum formanns og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Nemendur á vorönn 2005.
 2. Rekstraráætlun 2005.
 3. Fréttabréf til foreldra yngri nemenda.
 4. Skólanámskrá.
 5. Önnur mál.

1. Nemendur á vorönn 2005.

Skólameistari kynnti tölur um fjölda nemenda á vorönn en þeir eru alls 981 í dagskóla og öldungadeild. Einnig farið yfir skiptingu nemenda eftir aldri, kyni, búsetu og námsbrautum.

2. Rekstraráætlun 2005.

Steinunn Tómasdóttir fjármálastjóri kynnti rekstraráætlun skólans fyrir árið 2005 og svaraði spurningum nefndarmanna. Skólanefnd samþykkir áætlunina fyrir sitt leyti.

3. Fréttabréf til foreldra yngri nemenda.

Skólameistari dreifði fréttabréfi sem sent var til foreldra nemenda yngri en 18 ára. Fréttabréfið er hluti af átaki til að auka samskipti skólans við heimili og grunnskóla. Stjórnendur og námsráðgjafar grunnskóla á svæðinu koma í heimsókn í skólann á næstunni og ræða samstarf skólanna. Einnig er verið að undirbúa kynningarbækling með upplýsingum um skólann og kynningu á fyrrverandi nemendum skólans, námi þeirra og störfum.

4. Skólanámskrá.

Skólameistari sagði frá endurskoðun skólanámskrár en búið er að ráða verkefnisstjóra til að hafa umsjón með henni. Á þessari önn verður hugað að kennslunni sjálfri og annað verður svo tekið fyrir í framhaldinu.

5. Önnur mál.

- a) Skólameistari sagði frá hugmyndum um samvinnu skólans og Íþróttakademiunnar í Reykjanesbæ. M.a. hefur verið rætt um sérstakt nám fyrir afreksiþróttamenn á framhaldsskólaaldri. Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með hugmyndina og hvöttu til þess að hún verði skoðuð nánar.

- b) Menntamálaráðherra heimsótti skólann á dögunum og ræddi við stjórnendur og kennara um breytta skipan náms til stúdentsprófs og aukna samfelli í skólastarfi.
- c) Færeyskur fiskvinnsluskóli hefur óskað eftir samstarfi við skólann. Fulltrúar skólans koma hingað í febrúar og kynna sér netagerðarbrautina. Þá mun skólinn taka þátt í samnorrænu verkefni í félagsfræði á næsta skólaári.
- d) Spurt um forfallakennslu í skólanum. Skólameistari svaraði fyrirspurninni. Einnig rætt um sjúkrapróf.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Keflavík 20. janúar 2005

Ágætu skólanefndarmenn!

Fundur verður haldinn í skólanefnd
Fjölbautaskóla Suðurnesja, þriðjudaginn 25.
janúar 2005 n.k. kl. 17:00 í fundarsal við
skrifstofu skólameistara.

Dagskrá:

1. Nemendur á vorönn 2005.
2. Rekstraráætlun 2005.
3. Fréttabréf til foreldra yngri
nemenda.
4. Skólanámskrá.
5. Önnur mál.

Kristbjörn Albertsson
Formaður

Skólanefndarmenn athugið!

*Boðið varamann ykkar ef þið komist
ekki á fundinn.*